

Alþingi
Erindi nr. P 128/1612
komudagur 10.3.2003



KENNAHÁSKÓLI
ÍSLANDS

Félagsmálanefnd Alþingis
B.t. Helgu E. Þórisdóttur
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2003

Efni: Frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Kennaraháskóli Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn um frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og biðst forláts á því að umsögnin berst eftir þann frest sem settur er í bréfi félagsmálanefndar.

Rektor fól Gretari L. Marinóssyni dósent, Dóru S. Bjarnason dósent og Guðmundi Ragnarssyni framkvæmdastjóra að ganga frá umsögn stofnunarinnar um frumvarpið.

Umsögnin er tvískipt. Annars vegar eru fyrst beinar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins og hins vegar almennar athugasemdir.

Um einstakar greinar frumvarpsins

Í 1.gr. frv. er gert ráð fyrir þrengingu á þjónustu miðað við gildandi lög. Í stað fatlaðra er nú talað um börn með alvarlegar þroskaraskanir sem geta leitt til fötlunar. Þetta telur Kennaraháskólinn æskilega breytingu bæði að því er varðar aldur þjónustuþega og hugtakanotkun. Hann skilur aðgreiningu á röskunum og fötlun þannig að röskunin sé talin í einstaklingnum en fötlunin í samfélaginu. Kennaraháskólinn leggur til að við 1.gr. bætist eftirfarandi málsgrein: Megintilgangur laganna er að styðja börn með alvarlegar þroskaraskanir til þátttöku í samfélaginu, þar með talið almenna skólakerfinu, sbr. Lög um málefni fatlaðra, lög um leikskóla, Lög um grunnskóla og Lög um framhaldsskóla. Þar með vinni Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins í anda stefnu um félagslega blöndun og menntun án aðreiningar sem mörkuð er í ofangreindum lögum.

Í 2.gr. er fötlun skilgreind sem þörf einstaklings fyrir fjölþætta þjónustu og aðstoð til langframa vegna röskunar hans. Kennaraháskólinn leggur til að fötlun sé skilgreind hér sem afleiðingar þess að umhverfið lagar sig ekki að færni einstaklingsins. Þar með er orsök og ábyrgð á fötluninni færð í meira mæli frá einstaklingnum til samfélagsins.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir sérstakri stjórn stofnunarinnar. Kennaraháskólinn bendir á að þrátt fyrir ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins árið 1996, álit fjármálaráðuneytis árið 2000 og samræmi við sumar aðrar ríkisstofnanir sé ástæða til að hafa stjórnarnefnd við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Stofnunin sinnir persónulegri þjónustu við einstaklinga með alvarlega þroskaröskun og fötlun og því eigi annað við um þá stofnun en þær sem taldar eru upp til samanburðar, svo sem Jafnréttisstofu, Brunamálastofnun, Hollustuvernd og Umhverfisstofnun. Lýðræðisleg áhrif þjónustuþega á stjórn stofnunarinnar séu trygging fyrir gagnkvæmu trausti og góðri þjónustu á forsendum þjónustuþega og í samræmi við 1.gr. laga um málefni fatlaðra. Í þeim lögum er gert ráð fyrir því að þeir sem eiga hagsmuna að gæta um framkvæmd laganna hafi áhrif á hana og svo virðist sem frv. gangi þvert á það ákvæði. Kennaraháskólinn telur að tryggja megi skýra og virka stjórnsýslu, auka ábyrgð forstöðumanns og komast hjá of mikilli dreifingu ábyrgðar með reglum sem gera grein fyrir skiptingu ábyrgðar á milli forstöðumanns og stjórnar, líkt og gert er í ýmsum fyrirtækjum og stofnunum.

Í 8.gr. er gert ráð fyrir því að starfsmenn GRR geri forstöðumanni viðvart verði þeir áskynja um að einstaklingur njóti ekki fullnægjandi þjónustu. Hér eru starfsmenn Greiningar- og ráðgjafarstöðvar sérstaklega skilgreindir sem eftirlitsmenn með þjónustu við fatlaða. KHÍ telur að þetta hlutverk, sem er í anda laga um vernd barna og unglinga, geti valdið togstreitu meðal starfsmanna og grafið undan trausti þjónustuþega í garð stofnunarinnar sem þurfa að geta búist við því að hún viðhafi fullan trúnað um mál þeirra. Því er álitamál hvort þetta ákvæði eigi rétt á sér í þessum lögum.

Almennar athugasemdir

Í 8 tl.4.gr. er gert ráð fyrir að stofnunin sinni fræðilegum rannsóknum. Kennaraháskólinn tekur undir mikilvægi þess og telur jafnframt brýnt að rannsóknum sé sinnt í nánú samstarfi við háskólastofnanir sem rannsaka börn með fötlun og aðstæður þeirra. Einnig er brýnt að í starfsreglum sé kveðið á um hvaða hlutfall af starfi starfsmanna sé ætlað til þessa liðar þannig að það tryggi endunýjun þekkingar án þess að það komi niður á þjónustu stofnunarinnar við börn.

Kennaraháskólinn tekur undir álit fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sem kemur fram í fylgiskjali með frv. um að reynt sé að tryggja að þjónusta við barnið sé sem mest í nánasta umhverfi þess og að hlutverk stofnunarinnar verði ekki síst að miðla þekkingu og reynslu til annarra þjónustuaðila, en þjónusta stofnunarinnar verði fyrst og fremst fyrir þá einstaklinga sem búa við flóknari eða sjaldgæfari þroskaraskanir. Við stofnun Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins með lögum um málefni fatlaðra 1983 bjó svæðisbundin þjónusta á landinu ekki yfir nauðsynlegri þekking og færni í greiningu og ráðgjöf um flóknar fatlanir. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins var því ætlað að veita sérfræðilega þjónustu á þessu sviði og gegna hluverki öryggisventils en ekki að koma í staðinn fyrir aðra þjónustu. Það er lykilatriði að notendur greiningar og ráðgjafarþjónustu hafi aðgang að henni þegar þörf er brýn en vegna þess hve álag á þjónustu stöðvarinnar hefur vaxið er það ekki ávallt svo. Því er mikilvægt að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins styðji þjónustuaðila sveitarfélaga í hlutverki sínu og ráðuneyti taki greiningar

fleiri aðila gildar sem ávísun á þjónust ríkisins þannig að draga megi úr, eða a.m.k. halda í skefjum, eftirspurn eftir þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar sjálfar. Jafnframt þarf að skilgreina verkaskiptingu á stofnuninni þannig að tryggt sé að hún geti sinnt þjónustuhlutverki sínu af kostgæfni.

F. h. Kennaraháskóla Íslands



Svanhildur Kaaber
skrifstofustjóri